

**583. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, miðvikudaginn  
27. apríl 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Póra Marý Arnórsdóttir formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Daníel Jakobsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðfinna M Hreiðarsdóttir, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður og Björgvin Hilmarsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Magni Hreinn Jónsson.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs, Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Smári Karlsson, verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Grjótvörn og uppfylling til norðurs frá Norðurtanga í Skutulsfirði -  
Aðalskipulagsbreyting - 2020110080**

Lagðar fram fimm útfærslur á formum og mögulegu gatnakerfi landfyllingar, norðan Eyrar, unnið af Verkís í apríl 2022.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur valkost 4 vera ákjósanlegastan og leggur til að unnið verði með hann áfram.*

**2. Endurskoðun á reglum um lóðarúthlutanir - 2022040058**

Lagt fram minnisblað Smára Karlssonar, starfsmanns umhverfis- og eignasviðs, um endurskoðun á reglum Ísafjarðarbæjar um lóðarúthlutanir.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja breytingar á lóðarúthlutunarreglum í samræmi við minnisblað.*

**3. Hundasvæði - 2018060021**

Lagt fram erindi frá nokkrum hundaeiendum í Ísafjarðarbæ þar sem er ítrekuð ósk um hentuga staðsetningu hundagerðis í Skutulsfirði.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd vísaði fyrra erindi, til afgreiðslu í skipulags- og mannvirkjanefnd á fundi sínum 26. júní 2018.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til lóð á horni Suðurgötu og Mjósunds undir hundagerði.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:30**

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Jóna Símonía Bjarnadóttir

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

Helga Þuríður Magnúsdóttir

---

Smári Karlsson